

**Sp.**

## **478. Tillaga til þingsályktunar**

um framkvæmd póstmála.

Flm.: Páll Zóphóniasson, Sveinbjörn Högnason.

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta eins fljótt á næsta ári og tók eru á framkvæma breytingar þær á póstsamgöngum í landinu, er felast í tillögum þeim frá millipinganefnd í póstmálum, er nýlega hefur verið útbýtt á Alþingi.

Ríkisstjórninni heimilast að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, er leiðir af framkvæmd þessari.

### **Greinargerð.**

Langt er síðan menn fundu tilfinnanlega til þess, hve strjalar — og nú hin síðari ár líka lítt ábyggilegar — póstferðirnar kringum landið og um það eru. Þetta leiddi til þess, að Alþingi kaus millipinganefnd, til þess ásamt póststjórninni að athuga póstsamgöngurnar og fleira viðvikjandi póstmálunum.

Nefndin hefur nú lokið störfum og skilað álitinu og tillögum, og hefur þeim verið útbýtt á Alþingi. Ekki hefur nefndin lagt þetta fyrir í frumvarpsformi, og er það því á valdi póststjórnarinnar, hvort og að hve miklu leyti tillögur nefndarinnar verða framkvæmdar, þar sem fjárveitingar í fjárlögum til póstmála mega nánast skoðast áætlunarupphæðir.

Engum blandast hugur um það, að verði tillögur nefndarinnar framkvæmdar, verða stórbreytingar til bóta á póstferðunum, og mundu undantekningarlaust allir fagna því. Þess verður því að krefjast, að þeim verði hrundið eins fljótt í framkvæmd og tók eru á. Landpóstferðirnar, eins og þær eru hugsaðar í tillögum nefndarinnar, eru að verulegu leyti byggðar á því, að strandferðaskipin sigli eftir föstum, fyrir fram gerðum áætlunum. Þetta hefur ekki þótt gerlegt að láta þau gera undanfarið vegna ófriðarins, en nú hefur Alþingi samþykkt tillögu, og er ætlað til þess, að um áramótin næstu geti skipin farið að sigla eftir föstum áætlunum, fyrir fram sömdum og auglýstum. Ætti þá úr því ekkert að vera því til fyrirstöðu að geta farið að skipuleggja póstferðirnar eftir tillögum nefndarinnar, en að sjálf-sögðu tekur það tíma að koma breytingunum á um allt landið. En því fyrr sem byrjað er á að undirbúa breytinguna, því fyrr getur hið breytta póstsamgöngukerfi komið til framkvæmda. En það er það, sem allur almenningur krefst, að verði sem fyrst.

Með samþykkt tillögu þessarar er lagt fyrir ríkisstjórnina að hraða því svo sem frekast er auðið, að hið nýja skipulag póstferðanna komist á og að það verði á næsta ári, 1945.

Þar sem áætlað er, að breytingin kosti allmikið fé, en ekki er vitað, hvenær á árinu hún kemur til framkvæmda, — en væntanlega verður það smám saman, — er ekki unnt að áætla, hvað breytingin kosti nú þetta fyrsta ár, og því þótti réttara að taka hér upp heimild til fjárveitingar, enda þótt segja megi, að til þessa verði áætlað fé í fjárlögum.